



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

11. SEPTEMBER 2026
NORÐURLJÓÐ HARPA

BÉRTRAND CHAMAYOU

EINLEIKSTÓNLEIKAR

BERTRAND CHAMAYOU

TÓNLEIKAR 11. SEPTEMBER 2026 KL: 18:00
NORÐURLJÓS HARPA

SVÖRT TÓNLEIKARÖÐ

BERTRAND CHAMAYOU
EINLEIKARI

FELIX MENDELSSOHN
Lieder ohne Worte, op. 19 nr. 1 og 2
Andante con moto
Andante espressivo

FELIX MENDELSSOHN
Lieder ohne Worte, op. 38 nr. 5
Agitato

CHARLES IVES
Song without (good) words

FELIX MENDELSSOHN
Lieder ohne Worte, op. 67 nr. 4

**JOHN LENNON & PAUL MCCARTNEY /
TORU TAKEMITSU**
Golden Slumbers

ROBERT SCHUMANN / FRANZ LISZT
Widmung

GEORGE CRUMB
Eine kleine Mitternachtsmusik

GYÖRGY KURTÁG
Scraps of a Colinda Melody – faintly recollected

FRANZ SCHUBERT
Wandererfantasie
Allegro con fuoco ma non troppo
Adagio
Presto
Allegro

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður
útvarpað síðar á Rás 1. Þeir eru um
klukkustund án hlés.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
meðan á tónleikum stendur.

For information in English about
tonight's programme, please visit
the Iceland Symphony Orchestra
website: en.sinfonia.is

BERTRAND CHAMAYOU

EINLEIKARI



Bertrand Chamayou er einn af mest áberandi píanóleikarum samtímans, þekktur fyrir kraftmikinn, snilldarlegan og hugmyndaríkan flutning sinn. Hann er leiðandi túlkandi franskrar tónlistar og á hinna víðfeðmu efnisskrá hans eru viðamikil verk, þar á meðal öll píanóverk Ravels, *Études* og *Années de pèlerinage* eftir Liszt sem og *Vingt regards sur l'enfant-Jésus* eftir Messiaen. Þá hefur hann djúpa ástríðu fyrir nýrri tónlist og hefur unnið með tónskáldum á borð við Pierre Boulez, Henri Dutilleux, György Kurtág, Thomas Adès, Bryce Dessner og Michael Jarrell.

Á síðasta starfsári kom Bertrand Chamayou fram með Sinfóníuhljómsveit Lundúna í Gstaad og La-Côte-Saint-André. Þá lék hann á kammertónlistarkvöldi í Wigmore Hall sem og einleik með Sinfóníuhljómsveitinni í Seattle, Orchestre de la Suisse Romande, Kammerhljómsveitinni í Basel, Kammerhljómsveit Evrópu, Filharmóníuhljómsveit BBC, Sinfóníuhljómsveitinni í Basel, hljómsveitinni Les Siècles, Gürzenich hljómsveitinni í Köln, Belgísku þjóðarhljómsveitinni og Detroit-sinfóníuhljómsveitinni. Hann fór í tónleikaferð með Barböru Hannigan til Montreal, Toronto, Vancouver, Victoria, La Jolla, Rochester, Fíladelfíu, New York, Ottawa, Washington og Parísar. Einnig lék hann með argentíska sellóleikaranum Sol Gabetta í Konzerthaus í Vínarborg, Gewandhaus í Leipzig, De Doelen í Rotterdam, Trieste og Bologna. Á yfirstandandi starfsári heldur hann einleikstónleika í Clermont-Ferrand, Metz, Bordeaux, Poitiers, Perth, París, Dijon, Lyon, Aix-en-Provence, Toulouse, Lille og Oeiras.

Bertrand Chamayou er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu nýbyrjaða starfsári. Hann reið á vaðið í gærkvöldi með píanókonsertri Ravels í G-dúr í Eldborgarsalnum undir stjórn Barböru Hannigan. Í febrúar á næsta ári leiða þau aftur saman krafta sína, fyrst á hljómsveitartónleikum í Eldborg og síðan á tónleikum í svörtu röðinni hér í Norðurljósum.

TÓNLISTIN

Ljóð á orða er leiðarstef tónleika kvöldsins þar sem þekkt píanóverk þriggja af helstu tónjöfnum rómantíska tímabilsins á 19. öld ramma inn verk fjögurra tónskálda 20. aldarinnar og hugleiðingar þeirra um verk sem þeim voru kær.

Tónleikarnir hefjast á völdum lögum úr *Lieder ohne Worte* (*Ljóð án orða*), flokki 48 stuttra píanóverka sem Felix Mendelssohn (1809–1847) samdi á árunum milli 1829 og 1845.

Charles Ives (1874–1954) samdi píanóverkið *Five Take-offs* (Fimm flugtök) árið 1909 og er *Song without (good) words* fjórða „flugtakið“. Ives var annálaður spunameistari og í köflunum fimm fer hann frjállega með fyrirframgefin stef. Má gefa sér að notkun hans á framandi hljóðum í *Ljóðum án (góðra) orða* vísi til orðsins í sviganum... Var verkið ekki frumflutt fyrr en fjórtán árum eftir daga tónskáldsins, skömmu áður er *Bítlarnir* hljóðrituðu *Gloden Slumbers*, lag Lennons og McCartneys á hinni frægu plötu sinni *Abbey Road* sumarið 1969. Japanska tónskáldið Toru Takemitsu (1939–1996) lagði snilldarlega út af þessu draumkennda lagi árið 1992 og verður prógrammritara hugsað til verks hans *I hear the water dreaming* sem hljómaði í Hörpu fyrir þremur árum í meðförum þverflautuleikarans Emmanuels Pahud, samlanda einleikara kvöldsins, og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Næsta hljómar *Widmung* (*Tileinkun*) Roberts Schumann (1810–1856) í útfærslu Franz Liszt (1811–1886) þar sem rómantíkin er í hæstu hæðum. *Eine kleine Mitternachtsmusik* frá fyrsta ári þessarar aldar flytur okkur á allt aðrar slóðir þar sem George Crumb (1929–2022) fæst við sígildan djass-slagara eftir Thelonious Monks, *Round Midnight* á nýstárlegan hátt. Þá öðlast löngu gleymdur rúmenskur jólasálmur nýtt líf í upprifjun hins aldargamla György Kurtág (f. 1926) *Scraps of a Colinda Melody - Faintly Recollected*.

Tónleikunum lýkur á hinni glæsilegu *Wanderer-fantasíu* eftir Franz Peter Schubert (1897–1828) þar sem hver hinna fjögurra þátta hefst á tilbrigði við samnefnt sönglag tónskáldsins.

Sigurður Ingvi Snorrason

SVÖRT TÓNLEIKARÖÐ

SAKARI STJÓRNAR BLÁSARASVEITINNI

FÖSTUDAGINN 13. NÓVEMBER KL. 18:00

Petri Sakari leiðir blásarasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands í fjölbreyttri efnisskrá. Tónlist Dukas, Milhaud, Stravinskijs og Ruth Gipps leiðir að kraftmiklu Gran Duo eftir Magnus Lindberg.



HEIMSHORNA Á MILÍ

LAUGARDAGUR 28. NÓVEMBER KL. 14:00

Barbara Hannigan og Lucie Horsch bjóða í litríka tónlistarveislu þar sem þjóðlög, austur-evrópskir taktar, suðrænir blokkflautuslagarar og íslenskur þjóðlagaarfur mætast í óvæntri óvissuferð.



HANNIGAN & CHAMAYOU

LAUGARDAGUR 13. FEBRÚAR KL. 17:00

Barbara Hannigan og Bertrand Chamayou flytja tónlist Messiaens, Skrjabin's og John's Zorn á rómuðum tónleikum sem sækja innblástur í náttúru, goðsagnir og sköpunarkraft.



ELISABETH LEONSKAJA

FÖSTUDAGINN 30. APRÍL KL. 18:00

Hin heimspekkta Elisabeth Leonskaja býður til einleikstónleika með tveimur stórbrotnum verkum píanóbókmenntanna: fantasíu Beethovens og síðustu píanósónötu Schuberts, D 960.



LIFANDI TÓNLIST



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Fléttaðu töfrum við hversdagsleikann með áskriftar-
leiðum Sinfóníunnar. Með Regnbogakorti getur þú valið
þá tónleika sem höfða mest til þín og tryggt þér gott
sæti með 20% afslætti.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050

WWW.SINFONIA.IS